



Viðhorf íslenskra grunnskólanema til eineltis og inngrípa í eineltismál út frá reynslu þeirra af einelti

Vanda Sigurgeirsdóttir og Ársæll Már Arnarsson

► Abstract ► Um höfundana ► About the authors ► Heimildir

Einelti er algengt og alvarlegt vandamál í skólastarfi. Þó að skólayfirvöld hér á landi hafi gripið til ýmissa aðgerða til að sporna við einelti hefur árangurinn ekki verið eins góður og vonast var til. Í þessari rannsókn var skoðuð reynsla íslenskra grunnskólanema af einelti og jafnframt könnuð viðhorf þeirra til ýmissa þátta, eins og inngrípa kennara, ábyrgðar nemenda, viðbragða áhorfenda og eineltisáætlana skóla. Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi: Eru viðhorf nemenda til eineltis ólík eftir reynslu þeirra af einelti? Eru viðhorf nemenda til eineltisáætlana og viðbragða við einelti ólík eftir reynslu þeirra af einelti? Svarendur voru 10.651 nemandi í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi veturinn 2013–14 eða 84% af heildarfjölda nemenda í þessum árgöngum. Niðurstöður sýna að hægt er að skipta þátttakendum í fjóra hópa eftir tengslum þeirra við einelti. Hóparnir eru þolendur, gerendur, hvoru tveggja þolendur og gerendur og svo þau börn sem ekki tengjast einelti með einum hætti. Í rannsókninni voru svör þátttakenda við níu spurningum um einelti skoðuð út frá þessum fjórum hópum. Í ljós kom að viðhorf nemendanna lituðust af reynslu þeirra af einelti. Gerendur og þolendur/gerendur höfðu til að mynda neikvæðari viðhorf til ýmissa þátta. Einnig kom í ljós að aðeins um helmingur þátttakenda taldi sig þekkja eineltisáætlun skóla síns. Þá vakti athygli að um tíu prósent nemenda töldu að einelti væri þolendum að kenna. Auk þess óttaðist nokkur hluti nemenda að mæta í skólann vegna eineltis. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að vinna þurfi með viðhorf nemenda og auka umræður og fræðslu um eineltisáætlanir og inngríp í eineltismál.

Efnisorð: Einelti, þolendur, gerendur, áhorfendur, börn.

Inngangur

Tilgangurinn með þessari rannsókn var að nota niðurstöður íslensks hluta HBSC- (e. Health Behaviors in School-Aged Children) rannsóknarinnar frá árinu 2014 til að skoða viðhorf nemenda til eineltis og inngrípa í eineltismál og hvort þessi viðhorf litast af reynslu nemenda af einelti. Þeirri reynslu má skipta í fjóra hópa; bein reynsla sem þolendur, gerendur og þolendur/gerendur og óbein reynsla þeirra sem standa utan við eineltið en eru eigi að síður hluti af hópnum, oft kallaðir áhorfendur. Rannsóknir sýna að einelti getur haft neikvæðar afleiðingar fyrir alla þessa hópa. Ekki þarf að koma á óvart að afleiðingarnar eru verstar fyrir hópana þrjá sem tengjast einelti með beinum hætti, en síðastnefndi hópurinn getur einnig orðið fyrir neikvæðum áhrifum. Má þar helst nefna að bekkjarandi og samskipti innan hópa geta skaðast (Reijntjes, Kamphuis, Prinzie og Telch, 2010; Rigby, Smith og Pepler, 2004; Stassen-Berger, 2007; Ttofi og Farrington, 2011). Vegna neikvæðra áhrifa eineltis er mikilvægt að fyrirbyggja það og stöðva. Sú leið sem helst

hefur verið notuð er eineltisáætlanir (Ttofi og Farrington 2011). Þó að flestir ef ekki allir skólar á Íslandi séu með eineltisáætlun hefur tíðni eineltis aukist meðal nemenda í 6., 8. og 10. bekk á árunum 2006, 2010, 2014 og 2018 (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2012; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2017, 2018). Mikilvægt er að skoða hvað veldur og hvaða aðgerðir geta stutt þær eineltisáætlanir sem fyrir eru. Í fræðigreinum um einelti er vinna með skólabrag og menningu oft nefnd sem ein slík aðgerð (Cornell og Bradshaw, 2015). Ef breyta á menningu þarf m.a. að vinna með viðhorf og félagslegar hindranir (e. social constraints) sem geta ráðið því hvort börn grípa inn í eineltismál eða ekki (Paluck, Shepherd og Aronow, 2016). Því voru í þessari rannsókn settar fram níu fullyrðingar um einelti og inngrip, með það að markmiði að koma auga á atriði sem betur mega fara, þá sérstaklega hvort beina þurfi athygli að viðhorfum eins hóps frekar en annarra. Sambærileg rannsókn hefur ekki verið gerð hér á landi svo vitað sé.

Einelti, skilgreiningar, einkenni og birtingarmyndir

Einelti hefur alltaf fylgt skólastarfi (Carrera, DePalma og Lameiras, 2011) en var ekki rannsakað með skipulegum og vísindalegum hætti fyrr en á áttunda áratug síðustu aldar (Rigby o.fl., 2004). Í fyrstu var aðeins um örfáar rannsóknir að ræða en smám saman hefur áhuginn aukist. Þrátt fyrir þennan aukna áhuga á viðfangefninu er ekki til nein ein skilgreining á einelti. Flestir fræðimenn eru þó sammála um að þetta sé endurtekin neikvæð, særandi og niðrandi hegðun sem hefur slæmar afleiðingar fyrir þá sem fyrir verða. Auk þess er minnst á völd og valdaójafnvægi í mörgum skilgreiningum (Browne, 2012; Nansel o.fl., 2001). Þessi skilgreiningarvandi hefur haft ýmis vandkvæði í för með sér. Til að mynda sýna rannsóknir á tíðni mjög mismunandi niðurstöður, allt eftir því hvernig er spurt og hvaða skilgreining liggur til grundvallar. Getur því reynst erfitt að bera þær saman (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009) og í raun óábyrgt að gera slíkt án þess að skoða með ítarlegum hætti bæði skilgreiningar og orðalag spurninga. Í þessari grein er gengið út frá þeirri skilgreiningu sem notuð er í spurningalista HBSC-rannsóknarinnar og birtist þátttakendum í spurningalistanum áður en þeir svara spurningum um einelti:

Sagt er að nemandi sé lagður í einelti þegar annar nemandi eða hópur nemenda gera honum eitthvað óþægilegt eða andstyggilegt. Það er líka einelti þegar nemandi er stöðugt strítt á þann hátt sem honum líkar ekki eða þegar hann er viljandi skilinn útundan. Það er ekki einelti ef tveir jafn sterkir nemendur rífast eða slást. Það er heldur ekki einelti þegar nemandi er strítt á vinalegan eða gamansaman hátt (Inchley o.fl., 2016).

Einelti meðal grunnskólabarna fer oftast fram á skólatíma og eru skólalóðin og gangar algengustu staðirnir (Bullock, 2002; Guðjón Ólafsson, 1996; Sharp og Smith, 2000). Eineltið sjálft getur birst á marga vegu en hægt er að skipta birtingarmyndunum í beint og óbeint einelti (Smith, 2004). Líkamlegt einelti, eins og spörk, högg og hrindingar, telst vera beint einelti. Þegar um yrt einelti er að ræða, sem einnig flokkast sem beint einelti, eru særandi og niðurlægjandi orð viðhöfð um þolandann. Félaglegt einelti er aftur á móti óbeint einelti og felur í sér útilokun, höfnun og baktal (Smokowski og Kopasz, 2005). Rafrænt einelti telst einnig vera óbeint einelti. Þannig getur einelti birst á marga vegu og mikilvægt er að hafa í huga að mest er það undir yfirborðinu þar sem fullorðnir sjá ekki til.

Tíðni eineltis

Eins og fram hefur komið getur verið erfitt og flókið að bera saman tíðni eineltis milli rannsókna og landa, ekki síst vegna mismunandi orðanotkunar og skilgreininga (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009; Griffin og Gross, 2004). Þrátt fyrir þessa erfiðleika er nokkuð ljóst að flest börn upplifa einhvern tíma einelti sem beinir þátttakendur eða sem áhorfendur (James, 2010; Ttofi og Farrington, 2011). Þar af sýna rannsóknir að 20 til 30% barna tengjast einelti með beinum hætti sem þolandur eða gerendur (Gini og Pozzoli, 2009). Þá eru áhorfendur viðstaddir í meirihluta eineltistilfella (Craig og Pepler, 1992; Hawkins, Pepler og Craig, 2001). Því er ólíklegt að börn fari í gegnum grunnskóla án þess að upplifa eða verða vör við einelti.

Tíðni eineltis á Íslandi hefur verið rannsökuð nokkuð. Fyrsta umfangsmikla rannsóknin var gerð af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála skólaárið 1998 til 1999 og tóku 2.000 nemendur í 5., 7. og 9. bekk þátt í henni. Í ljós kom að 13,4% nemenda í 5. bekk sögðust hafa verið lögð í einelti stundum eða oftar á síðastliðnum vetri, en 6,9% nemenda í 7. bekk og um 3,3% nemenda í 9. bekk (Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 1999). Í kjölfar þessarar rannsóknar var svokölluð Olweusaráætlun gegn einelti innleidd í fjölda skóla. Aðrar aðgerðaáætlanir fylgdu í kjölfarið og nú er svo komið að flestir ef ekki allir grunnskólar á Íslandi eru með einhverja eineltisáætlun. Engu að síður er enn talsvert um einelti í íslenskum skólum. Til merkis um það sýndu niðurstöður áðurnefndrar rannsóknar, Heilsa og lífskjör skólabarna, annars vegar að þolendum hefði fjölgað á árunum 2006 til 2010 (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2012) og hins vegar að tíðni eineltis hefði aukist. Þátttakendur í HBSC-rannsóknunum eru nemendur í 6., 8. og 10. bekk í grunnskólum á Íslandi og hafði þeim sem svöruðu því játandi að hafa verið lagðir í einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar fjölgað úr 4,3% árið 2006 í 5,2% árið 2010, 5,5% árið 2014 og loks 6,3% árið 2018 (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2016, 2018). Ljóst má því vera að þrátt fyrir fagleg vinnubrögð víða er vandamálið erfitt viðureignar. Þó þarf að hafa í huga að aukin umfjöllun á undanförunum árum gæti valdið því að börn átti sig betur en áður á því hvað einelti er.

Hóparnir fjórir: Þolendur, gerendur, þolendur/gerendur og áhorfendur

Þegar spurt er um einelti í spurningakönnunum er hægt að skipta þátttakendum í fjóra hópa eftir því hvernig þeir tengjast eineltinu. Þolendur eru þeir sem lagðir eru í einelti, gerendur eru þeir sem leggja í einelti, þolendur/gerendur eru þeir sem eru bæði lagðir og leggja í einelti og loks eru það þeir sem ekki tengjast einelti með beinum hætti sem þolendur eða gerendur. Hluti þessa síðasttalda hóps er engu að síður áhorfendur. Þessir hópar hafa oft ákveðin sameiginleg einkenni sem tengjast uppeldi og persónuleika en þeir eru þó langt í frá einsleitir (Mitsopoulou og Giovazolias, 2015). Allir hóparnir eiga það sammerkt að einelti hefur neikvæðar afleiðingar fyrir þá, þó að þær séu vissulega misalvarlegar.

Þolendur

Öll börn geta orðið fyrir einelti en þó má greina ákveðna áhættuþætti sem gera það að verkum að gerendur velja frekar sum börn en önnur til að leggja í einelti. Fjölmennasti hópur þolenda er hlédræg börn. Þau eru feimnari, óóruðgari, kvíðnari og viðkvæmari en önnur börn. Þessi börn glíma gjarnan við erfiðleika í félagslegum samskiptum, skortir ákveðni og upplifa höfnun og einmanaleika (Cranham og Carrol, 2003; Nansel o.fl., 2001; Smokowski og Kopasz, 2005). Í mörgum tilfellum bregðast þau við áreitni með því að fara að gráta, vera leið og draga sig í hlé frá öðrum börnum. Vegna þessara viðbragða liggja þau vel við höggi og líklegt er að gerendur haldi áfram særandi og meiðandi hegðun gagnvart þeim (Salmivalli, 2010; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003). Ögrandi þolendur eru að mörgu leyti andstæða þeirra hlédrægu. Þau börn eru oft og tíðum klaufaleg í félagslegum samskiptum og átta sig ekki á þeim merkjum sem önnur börn gefa frá sér. Einnig eiga þau það til að ögra með hegðun sinni, eins og að skemma fyrir í leik og hætta ekki þegar þau eru beðin um það. Þriðji hópur þolenda er börn sem tilheyra minnihluta- og jaðarsettum hópum (Knox og Conti-Ramsden, 2003; Mishna, 2003). Mikilvægt er að taka fram að þolendur bera ekki ábyrgð á eineltinu sem þeir verða fyrir, þótt þeir séu feimnir, klaufalegir félagslega, með námserfiðleika eða frá útlöndum, svo eitthvað sé nefnt. Ábyrgðin er gerendanna. Það breytir því þó ekki að gerendur eru oft og tíðum að leita að ákveðnum eiginleikum og varnarleysi sem auðveldar þeim að ná sínu fram.

Rannsóknir hafa sýnt fram á víðtækar, neikvæðar og langvarandi afleiðingar eineltis fyrir þá sem fyrir því verða. Þar á meðal á andlega og líkamlega heilsu, svo sem með auknu þunglyndi, kvíða og depurð. Þá getur það haft neikvæð áhrif á sjálfmynd, sjálfsmat og sjálfstraust, ásamt því að hafa neikvæð áhrif á lífsgleði og vellíðan almennt (Gini og Pozzoli, 2009; Hugh-Jones og Smith, 1999; Klomek, Marrocco, Kleinman, Schonfeld og Gould, 2007; Nansel o.fl., 2001;

Stassen-Berger, 2007; Ttofi og Farrington, 2011). Það kemur því ekki á óvart að skýr tengsl eru á milli eineltis og sjálfsvígshugsana og -tilrauna (Kim, Leventhal, Koh og Boyce, 2009; Klomeck o.fl., 2007). Einnig getur einelti haft neikvæð áhrif á skólagöngu og námsárangur (Ballard, Argus og Remley, 1999; Gini og Pozzoli, 2009). Rannsóknir sýna að afleiðingar eineltis geta fylgt þolendum fram eftir ævi (Due o.fl., 2005; Nansel o.fl., 2001; Vanderbilt og Augustyn, 2010) og dregið úr sjálfstrausti og spillt andlegri heilsu og samböndum á fullorðinsárum (Hugh-Jones og Smith, 1999).

Gerendur

Gerendur eru þeir sem meiða og særa önnur börn endurtekið, oft viljandi og með það að markmiði að bæta eigin stöðu. Greina má ýmis persónueinkenni og hegðunarmynstur sem margir gerendur eiga sameiginleg en eigi að síður er mikilvægt að benda á að þetta er fjölbreyttur hópur. Samkvæmt rannsóknum eru gerendur oft árásarhneigðari en önnur börn, eru með jákvæð viðhorf til ofbeldis, sýna frekar mótþróa og þeim gengur verr í námi (Carney og Merrell, 2001; Pepler, Jiang, Craig og Connolly, 2008; Smith, 2004). Þá glíma þeir oft við öfund og ótta við að missa völd og stöðu (Piotrowski og Hoot, 2008). Einnig eru sumir gerendur í vandræðum með félagsfærni og sjálfstjórn, glíma við þunglyndi, eru óöruggir og eiga í erfiðleikum með að eignast vini. Ekki glíma þó allir gerendur við þessi vandamál, heldur eru með góða félagsfærni, eiga auðvelt með að stjórna og stýra öðrum, eru félagslega sterkir, í góðum vinasamböndum og jafnvel leiðtogar í hópnum (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009; Campbell, Spieker, Burchinal og Poe, 2006). Þeir síðarnefndu nota einelti til að ná enn meiri völdum og betri stöðu í jafningjahópnum (Garandeau og Cillessen, 2006; Pellegrini, 2002).

Að leggja í einelti getur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar fyrir þá sem það gera. Má nefna auknar líkur á kvíða og ýmsum heilsufarstengdum kvillum (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2016), hegðunarvanda og árekstrum í skóla (Gini og Pozzoli, 2009), kynferðislegri áreitni (Pellegrini, 2002), áfengis- og vímuefnaneyslu og afbrotum (Nansel o.fl., 2001; Olweus, 2011). Þá gefa rannsóknir vísbendingu um að ef gerendur fá ekki aðstoð og breyta hegðun sinni aukist líkur á að þessi hegðun fylgi þeim inn í fullorðinsárin (Smokowski og Kopasz, 2005; Ttofi, Farrington og Lösel, 2012). Sem dæmi sýndi rannsókn Olweus frá 2011 að gerendur voru fjórum sinnum líklegri til að fá sakfellingu fyrir glæp en þeir sem voru ekki gerendur. Ef draga á úr tíðni eineltis þarf að fækka gerendum, bæði með forvörnum og inngripum. Ef viðhorf gerenda til ýmissa þátta sem snúa að einelti eru þekkt geta aðgerðir orðið árangursríkari.

Þolendur/gerendur

Þriðji hópurinn sem tengist eineltismálum beint og ekki er rætt mikið um hér á landi er börn sem eru bæði þolendur og gerendur. Þessi börn eru líklegri til að hafa slaka félagsfærni og brjóta hegðunarreglur hópsins (Greene, 2000; Griffin og Gross, 2004). Sum eru með lítið sjálfstraust, litla sjálfsvirðingu og eiga erfitt með að leysa úr ágreiningi (Andreou, 2001; Carney og Merrell, 2001). Þá eiga þau það til að kalla fram neikvæð viðbrögð frá öðrum börnum, þeirra þau jafnvel, og þeim er gjarnan hafnað félagslega af jafningjahópnum (Andreou, 2001). Samkvæmt rannsóknum eru þetta þau börn sem verða fyrir mestum skaða af völdum eineltis því þau upplifa bæði afleiðingar þess að vera þolendur og gerendur (Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason, 2009; Nansel o.fl., 2001). Til að mynda kom í ljós í áðurnefndri HBSC-rannsókn að þau börn sem sögðust vera þolendur/gerendur glímdu við víðtækar neikvæðar afleiðingar og voru áhrifin í flestum tilfellum verri en hjá þeim börnum sem voru annaðhvort þolendur eða gerendur (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2016). Er þetta í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna (Nansel o.fl., 2001). Því er líklegt að í þessum hópi séu mörg þeirra barna sem þurfi hvað mest á aðstoð að halda.

Áhorfendur

Sá hópur barna sem ekki tengist einelti með beinum hætti en verður vitni að því er oft kallaður áhorfendur (e. bystanders). Staða áhorfenda getur verið með þrennu móti; þeir grípa inn í einelti, hvetja gerendur eða fylgjast hlutlausir með (Cowie, 2000). Áhorfendur eru þeir sem helst geta komið í veg fyrir og stöðvað einelti en einnig viðheldur þessi hópur oft einelti (Salmivalli, 2010). Ástæðan fyrir þessu mikla valdi er sú að í yfir 80% eineltistilvika er einhver að horfa á (Craig og Pepler, 1992; Hawkins o.fl., 2001; O'Connell, Pepler og Craig, 1999). Gerendur vilja nefnilega gjarnan hafa áhorfendur svo að þeir geti upphafið sig sjálfa á kostnað þolenda og aukið þannig völd sín og vinsældir. Hvetjandi og óvirkir áhorfendur eru draumur gerenda en martröð þolenda, því slík hegðun eykur á vanlíðan þeirra og hjálparleysi (Salmivalli, 2010). Rannsóknir sýna að þó að börn í dag viti hvað einelti er og þekki neikvæð áhrif þess kjósa áhorfendur í flestum tilfellum að grípa ekki inn í, oft vegna ótta við gerendur eða við það að félagsleg staða bíði hnekki (Salmivalli, 2010; Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir, 2017). Þetta er að vissu leyti skiljanlegt því það að grípa inn í og segja frá er í mörgum hópum brot á félagslegum reglum. Aftur á móti liggur fyrir að ef áhorfendur grípa inn í er hægt að stöðva einelti (Salmivalli, Voeten og Poskiparta, 2011). Hér er því tækifæri fyrir kennara og fagfólk til að virkja áhorfendur, en án aðstoðar er ólíklegt að hegðun áhorfenda breytist. Vegna þessa beinast tvær fullyrðinganna í rannsókninni að hegðun og viðhorfum áhorfenda til inngrípa í eineltismál.

Einelti getur haft neikvæð áhrif á áhorfendur, jafnvel þó að þeir tengist því ekki með beinum hætti (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003; Vanderbilt og Augustyn, 2010). Þó að áhrifin séu eðlilega mun meiri á þolendur og gerendur getur það að verða vitni að einelti einnig haft ýmis neikvæð áhrif. Áhorfendur geta til að mynda orðið hræddir um að verða sjálfir lagðir í einelti og margir finna fyrir óöryggi og jafnvel kvíða. Þá getur þessi ótti og sú menning sem skapast þegar einelti er í gangi haft neikvæð áhrif á nám og námsárangur (Dupper, 2003; Nishina og Juvonen, 2005; Smokowski og Kopasz, 2005). Loks geta gerendur verið fyrirmynd fyrir önnur börn (Juvonen og Ho, 2008).

Miðað við þessar upplýsingar virðist vera augljóst að forvarnir og inngríp í eineltismálum þurfi að beinast að öllum hópnum en ekki einstaka börnum (O'Connell o.fl., 1999; Pepler, Smith og Rigby, 2004; Salmivalli, 1998, 1999, 2010). Í þeirri rannsókn sem hér er kynnt verður einmitt skoðað hvort munur er á viðhorfum þessara fjögurra hópa nemenda, þ.e. þolenda, gerenda, þolenda/gerenda og áhorfenda. Þekking á því hvernig viðhorf hópanna fjögurra litast af stöðu þeirra og reynslu getur gefið vísbendingar um hvert kennarar og fagfólk skuli beina aðgerðum sínum.

Aðgerðaáætlanir

Í þessum kafla verður fjallað um aðgerðaáætlanir gegn einelti. Ein fullyrðingin sem þátttakendur í rannsókninni tóku afstöðu til beinist að þekkingu nemenda á eineltisáætlunum skólanna sem þeir tilheyra. Telja verður mikilvægt að nemendur þekki þessar áætlanir því þær eru algengasta kerfisbundna aðferðin til að vinna gegn einelti í grunnskólum. Fjölmargar slíkar áætlanir hafa verið settar fram og skila margar þeirra árangri samkvæmt rannsóknnum (Ttofi og Farrington, 2011). Þó hafa niðurstöður einnig sýnt lítinn eða engan árangur (Ragnar F. Ólafsson, 2008), sérstaklega meðal eldri nemenda (Yeager, Fong, Lee og Espelage, 2015). Hér á landi er skýrt kveðið á um það í lögum að grunnskólar skuli vera með eineltisáætlun, sbr. eftirfarandi í 30. grein grunnskólalaga frá árinu 2008:

Grunnskólar skulu hafa heildstæða stefnu um það hvernig fyrirbyggja eigi að líkamlegt, andlegt eða félagslegt ofbeldi eigi sér stað í skólastarfi. Skólar skulu einnig hafa áætlun um framkvæmd tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum, um hvernig brugðist er við tilvikum um einelti, annað ofbeldi og félagslega einangrun (lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Árið 2011 var síðan samþykkt reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum (nr. 1040/2011) og þar kemur fram að grunnskólar skuli setja sér aðgerðaáætlun gegn einelti með virkri viðbragðsáætlun til að takast á við eineltismál í skólanum. Í reglugerðinni kemur einnig fram að kennarar beri ábyrgð á að framfylgja aðgerðaáætlun skólans og skólastjórinn á að samræma aðgerðir. Í Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011), almenna hlutanum, segir að mikilvægt sé að grunnskólar komi sér upp forvarnaráætlun sem birt sé í skólanámskrá. Slíkri áætlun er svo nánar lýst:

Í forvarnaráætlun skal m.a. vera áætlun skólans í flíknivörnum og áfengis- og tóbaksvörnum, áætlun gegn einelti og öðru ofbeldi, áætlun í öryggismálum og slysavörnum og stefna í agastjórnun. Einnig skal koma fram með hvaða hætti skólasamfélagið hyggst bregðast við ef mál koma upp. Kynna skal forvarnaráætlun skólans öllum aðilum skólasamfélagsins, starfsfólki skóla, foreldrum og nemendum og birta í skólanámskrá (bls. 43).

Hér kemur skýrt fram að kynna á forvarnaráætlun, þar á meðal eineltisáætlun, fyrir nemendum enda hlýtur að vera mikilvægt að nemendur þekki þessa áætlun og viti hvernig hún virkar.

Aðgerðaáætlanir eru mikilvægar og hér á landi hefur verið unnið eftir þeim síðan árið 2002. Hins vegar má spyrja sig hvers vegna meiri árangur hafi ekki náðst. Er þetta mikilvæg spurning sem skólasamfélagið stendur frammi fyrir, því einelti tengist vellíðan, velferð og heilsu nemenda með afgerandi hætti. Einn hluti svarsins gæti tengst kennurum og fagfólki, eins og fjallað er um í kaflanum hér á eftir. Svo eru það nemendurnir sjálfir, en samkvæmt rannsókn Cunningham o.fl. (2016) á viðhorfum 38 drengja og 59 stúlkna á mið- og unglingsstigi í grunnskólum í Kanada kom í ljós að þeim fannst kynningar á eineltisáætlunum oft leiðinlegar, og töldu að fyrir framan stóran hóp af nemendum virkaði slíkt einfaldlega ekki. Þessi kanadíska rannsókn sýnir hversu mikilvægt það er að heyra raddir nemendanna sjálfra og kanna viðhorf þeirra.

Kennarar og einelti

Fyrsta fullyrðingin sem þátttakendur rannsóknarinnar tóku afstöðu til fjallar um viðbrögð kennara í eineltismálum. Þar sem stór hluti eineltis fer fram á skólatíma bera kennarar, skólastjórnendur og annað fagfólk sem starfar við grunnskóla eðlilega mikla ábyrgð (Garandau, Vartio, Poskiparta og Salmivalli, 2016; Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004; Yoon, Sulkowski og Bauman, 2016). Rannsóknir hafa sýnt að kennurum gengur ekki alltaf vel að taka á einelti þó að þeir reyni oftast að grípa inn í fái þeir vitneskju um slíkt (Burger, Strohmeier, Spröber, Bauman og Rigby, 2015) og hafi jafnvel fulla trú á því sjálfir að aðgerðir þeirra séu árangursríkar (Boulton og Boulton, 2012). Nemendur eru alla jafna ekki sammála þessu og telja aðgerðir kennara bera mun minni árangur en kennararnir telja sjálfir. Auk þess telja nemendur að ekki sé nægjanlega mikið gert, að kennarar komi ekki auga á nema hluta þess sem er í gangi og að þeir vanmeti algengið (Atlas og Pepler, 2001; Bradshaw og Sawyer, 2007; Crothers og Kolbert, 2004; Doll, Song og Siemers, 2004; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003; Varjas, Henrich og Meyers, 2009). Um leið sýna rannsóknir að skortur á inngripi eykur líkur á að einelti haldi áfram (Yoon og Kerber, 2003). Í raun sýna erlendar rannsóknir að kennurum takist aðeins að stöðva einelti í um helmingi tilfella og að í sumum tilfellum geri inngrip þeirra vandamálið verra (Davis og Nixon, 2011; Fekkes, Pijpers og Verloove-Vanhorick, 2005). Þannig kom fram í rannsókn Bradshaw og Sawyer (2007) að 61,5% nemenda töldu að einelti myndi versna við inngrip kennara.

Þegar kennarar og annað fagfólk grípur inn í eineltismál eru þrjár útkomur mögulegar: Ástandið versnar, stendur í stað eða batnar (Fekkes o.fl., 2005; Kochenderfer-Ladd og Skinner, 2002; Rigby og Bagshaw, 2003; Smith og Shu, 2000; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2017). Því er ekki öruggt í augum barnanna að einelti muni hætta þó að fullorðnum sé sagt frá. Mikilvægt er að breyta þessu, bæta inngrip og auka þannig tiltrú nemenda á inngripi hinna fullorðnu. Ekki síst er þetta mikilvægt vegna þess að einelti fer yfirleitt fram án þess að fullorðnir sjái til og þeir eru því háðir nemendum, sem yfirleitt vita af þessu löngu áður en hinir fullorðnu komast að því. Mögulega

væri hægt að auka markvissa fræðslu og þjálfun í kennaranámi. Árangur af slíku fékkst staðfestur í rannsókn Sairanen og Pfeffer (2011). Auk þess sýna rannsóknir að meirihluti kennara telur að þörf sé á aukinni þjálfun og fræðslu um hvernig eigi að grípa inn í eineltismál (Bradshaw, Waasdorp, O'Brennan og Gulemetova, 2011; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003). Því verður það að teljast miður að niðurstöður rannsókna sem gerðar hafa verið hér á landi benda til þess að fræðslan í kennaranámi sé eða hafi ekki verið nægjanleg (Ragnar F. Ólafsson og Ólöf Helga Þór, 2000; Sjöfn Kristjánsdóttir, 2011; Sjöfn Kristjánsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir, 2011; Vanda Sigurgeirsdóttir, 2003, 2005; Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir, 2004). Þó skal tekið fram að breytingar hafa orðið á kennaranámi á síðustu árum og þyrfti að gera nýja rannsókn til að skoða stöðuna í dag.

Samantekt og markmið

Alvarlegar afleiðingar eineltis kalla á árangursríkar leiðir til að fyrirbyggja og grípa inn í eineltismál. Í þeirri vinnu eru rannsóknir mikilvægar, en því miður eru Íslendingar eftirbátar margra annarra þjóða er kemur að rannsóknum og birtingu fræðilegs efnis á þessu sviði. Mikilvægt er því að fjölga rannsóknum á einelti og birta niðurstöður þeirra. Þessi grein á að vera liður í að bæta úr þeim skorti. Í greininni er, eins og fram hefur komið, sagt frá niðurstöðum úr eineltishluta rannsóknarinnar Heilsa og lífskjör skólabarna. Viðhorf þátttakenda til níu atriða sem tengjast einelti voru skoðuð. Atriðin sneru að inngripi kennara, ábyrgð nemenda, viðbrögðum áhorfenda, eineltisáætlunum skóla og því hvort nemendur þyrðu ekki í skólann af ótta við einelti. Mat á þessum þáttum getur veitt skólastjórnendum og kennurum mikilvæga innsýn í upplifun nemenda af einelti og viðbrögð við því. Sérstaklega verður litið til þess hvernig reynsla nemenda af einelti litar viðhorf þeirra. Rannsóknarspurningarnar eru tvær. Annars vegar er spurt hvort viðhorf nemenda til eineltis séu ólík eftir reynslu nemenda af einelti Hins vegar er spurt hvort viðhorf nemenda til eineltisáætlana og viðbragða við einelti séu ólík eftir reynslu nemenda af einelti. Tilgáta okkar er sú að þolendur, gerendur, þolendur/gerendur og áhorfendur hafi ólíkar skoðanir á atriðunum níu.

Aðferð

Þátttakendur

Heilsa og lífskjör skólabarna (HBSC) er fjölþjóðleg rannsókn þar sem 11, 13 og 15 ára börn eru spurð um ýmsa þætti sem snerta heilsu, líðan og félagslegar aðstæður. Fyrsta fyrirlögnin fór fram veturinn 1983–84 og tóku þá fimm lönd þátt. Rannsóknin hefur síðan verið gerð fjórða hvert ár og nú eru 44 lönd í Evrópu og Norður-Ameríku með í verkefninu. Ísland hefur tekið þátt frá árinu 2006.

Framkvæmd

Skólaárið 2013–2014 voru 12.678 nemendur í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi og fengust svör frá 10.651 sem þýðir að svarhlutfall var 84,0%. Hér var því um þýðisrannsókn að ræða með þeim fyrirvara að nemendur í sérskólum voru undanskildir. Áður en gagnasöfnun hófst var spurningalistinn ásamt lýsingu á aðferðum sendur til Persónuverndar til samþykktar. Að henni fenginni voru öllum skólastjórum á Íslandi sem voru með nemendur í einhverri af þessum þremur bekkjardeildum sendar sömu upplýsingar ásamt ósk um að þeir tækju þátt. Aðeins einn skóli hafnaði þátttöku. Síðan var öllum foreldrum og forráðamönnum sent kynningarbréf og þeim gefið tækifæri til að hafna þátttöku barnsins. Eitt foreldri kaus að nýta sér þann rétt.

Gagnasöfnun fór fram á tímabilinu frá nóvembermánuði 2013 fram í febrúar 2014. Stöðluð aðferð við söfnun gagna í skólum var notuð þar sem spurningalista var dreift í ómerktu umslagi

meðal nemenda sem mættir voru í kennslustund fyrir lagnardaginn. Borð nemenda voru færð í sundur til þess að tryggja að þeir sæju ekki hver hjá öðrum og hver og einn skilaði svo ómerkum spurningalista í umslagið og það var límt aftur. Á forsíðu listans var stutt lýsing á rannsókninni ásamt skýrum skilaboðum þess efnis að jafnvel þó að foreldrar þeirra og skólafirvöld hefðu gefið leyfi væri nemendum sjálfum algjörlega frjálst að neita þátttöku eða að sleppa því að svara ákveðnum spurningum. Þegar nemendur höfðu lokið við að svara var listunum safnað saman og þeir settir í lokaðan kassa. Nemendum var því ljóst að um nafnlausa könnun væri að ræða sem ekki yrði rakin til þeirra.

Í þessari grein verður fjallað um niðurstöður spurninga sem vörðudu einelti. Á undan þeim kom stutt skilgreining til þess að hjálpa svarendum að skilja betur við hvað væri átt. Hún var sem hér segir: „Hér er spurt um einelti. Sagt er að nemandi sé lagður í einelti þegar annar nemandi eða hópur nemenda gera honum eitthvað óþægilegt eða andstyggilegt. Það er líka einelti þegar nemandi er stöðugt strítt á þann hátt sem honum líkar ekki eða þegar hann er viljandi skilinn útundan. Það er ekki einelti ef tveir jafn sterkir nemendur rífast eða slást. Það er heldur ekki einelti þegar nemandi er strítt á vinalegan eða gamansaman hátt.“

Mælitæki og tölfraðileg úrvinnsla

Tvær spurningar fjölluðu um það hversu oft nemendurnir hefðu haft reynslu af einelti undanfarna mánuði og voru þeir annars vegar spurðir hversu oft þeir hefðu verið lagðir í einelti og hins vegar hversu oft þeir hefðu tekið þátt í að leggja annan nemandi í einelti. Báðum spurningum var hægt að svara með sömu fimm möguleikunum (frá „Aldrei“ til „Nokkrum sinnum í viku“) en við úrvinnslu gagna var ekki horft til tíðni heldur einungis þess hvort nemendur hefðu einhvern tíma eða aldrei haft reynslu af einelti á tímabilinu. Út frá þessum svörum var nemendum skipt í fjóra flokka: 1) Þeir sem höfðu verið lagðir í einelti, 2) Þeir sem höfðu lagt aðra í einelti, 3) Þeir sem bæði höfðu lagt aðra í einelti og verið sjálfir lagðir í einelti og 4) Þeir sem höfðu ekki haft beina reynslu af einelti á undanförunum mánuðum. Hafa ber í huga að í síðastnefnda hópnum er, samkvæmt rannsóknum, talsverður fjöldi áhorfenda (Craig og Pepler, 1992; Hawkins o.fl., 2001; O'Connell o.fl., 1999). Í rannsókninni voru börnin ekki sérstaklega spurð hvort þau hefðu orðið vitni að einelti.

Nemendur voru einnig beðnir að taka afstöðu til eftirfarandi fullyrðinga um einelti og gefa til kynna hversu sammála eða ósammála þeir væru: 1) Umsjónakennarinn minn bregst alltaf við þegar það kemur upp einelti í bekknum, 2) Ef nemendur sem verða vitni af einelti skipta sér af þá hættir eineltið, 3) Þeir nemendur sem leggja í einelti eru vinsælir, 4) Ég þekki eineltisáætlun skólans míns og veit hvernig hún virkar, 5) Einelti er þolendunum sjálfum um að kenna, 6) Skólinn ætti að hafa samband við foreldra allra í bekknum þegar einelti kemur upp, 7) Þegar ég verð vitni af neikvæðri stríðni og einelti þá bregst ég alltaf við og reyni að hjálpa, 8) Ég vil ekki hafa neitt einelti í bekknum mínum, 9) Ég þori stundum ekki í skólann af ótta við neikvæða stríðni og einelti. Svarmöguleikarnir við öllum fullyrðingunum voru „Mjög sammála“, „Frekar sammála“, „Hvorki sammála né ósammála“, „Frekar ósammála“ og „Mjög ósammála“. Þessar fullyrðingar voru búnar til af öðrum höfundum þessarar greinar (VS) og var bætt inn í HBSC-spurningalistann.

Við tölfraðiútreikninga var kí-kvaðrat notað til að rannsaka tengsl milli flokka nafnbreyta. Mikilvægt er að hafa í huga að í gagnasafni af þessari stærð kemur oft fram tölfraðilega marktækur munur, jafnvel þótt munur milli hópa sé lítill.


Niðurstöður

Af 10.566 nemendum sem svörðu spurningum um einelti sögðust 13,2% (1.391) einhvern tíma hafa verið lögð í einelti á undanförunum mánuðum, 5,4% (569) höfðu lagt aðra í einelti og 4,4%

(466) höfðu reynslu af hvoru tveggja. Mikill meirihluti nemenda, eða 77,0% (8.140), kvaðst enga reynslu hafa haft af slíku á því tímabili sem um var spurt. Sá hópur verður í þessum kafla kallaður hvorugt-hópurinn.


Viðbrögð við einelti

Mynd 1 sýnir hversu líklegt nemendur töldu að umsjónarkennarinn þeirra brygðist við ef einelti kæmi upp í bekknum. Í öllum fjórum hópnum voru flestir mjög eða frekar sammála því að kennarinn myndi bregðast við en engu að síður er ljóst að þeir tveir hópar sem ekki höfðu orðið fyrir einelti voru mun líklegri til að vera jákvæðir en hinir. Þeir nemendur sem höfðu annaðhvort eingöngu verið lagðir í einelti eða lögðu einnig aðra í einelti voru á hinn bóginn líklegri til að vera frekar eða mjög ósammála – 16% í fyrrnefnda hópnum og 20% í þeim síðarnefnda. Kí-kvaðrat sýndi að marktækur munur var á svörum þátttakenda eftir því hver reynsla þeirra af einelti var ($X^2(12, N = 10566) = 218,76, p < 0,001$).




Mynd 1. „Umsjónarkennarinn minn bregst alltaf við þegar það kemur upp einelti í bekknum.“

Mynd 2 sýnir hversu stórt hlutfall nemenda taldi sig þekkja eineltisáætlun skóla síns. Fram komu veik en marktæk tengsl svara eftir því hver reynsla nemenda af einelti var ($X^2(12, N = 10413) = 52,64, p < 0,001$), en ef rýnt er í myndina sést vel að hóparnir gefa að mestu leyti áþekk svör. Mesta athygli vekur hins vegar hversu margir nemendur virðast ekki þekkja áætlun skóla síns. Aðeins um helmingur nemenda sagðist mjög eða frekar sammála fullyrðingu þess efnis.




Mynd 2. „Ég þekki eineltisáætlun skólans míns og veit hvernig hún virkar.“

Eins og fram kemur á mynd 3 voru þeir sem leggja aðra í einelti fyrirsjáanlega ólíklegri til þess að vilja að haft væri samband við alla foreldra í bekknum ef einelti kæmi upp. Þó að munurinn milli hópanna reyndist vera marktækur þá var hann ekki ýkja stór ($X^2(12, N = 10527) = 82,05, p < 0,001$) enda virtust flestir nemendur þeirrar skoðunar að þetta væri ákjósanleg nálgun.



Mynd 3. „Skólinn ætti að hafa samband við foreldra allra í bekknum þegar einelti kemur upp.“


Á mynd 4 sést hversu líklegt nemendur töldu að þeir myndu skerast í leikinn ef þeir yrðu vitni að neikvæðri stríðni eða einelti. Langflestir nemendur virtust trúá því að þeir myndu ekki láta slíkt viðgangast, en þeir sem höfðu lagt aðra í einelti voru samt marktækt ólíklegri til að vera þeirrar skoðunar ($X^2(12, N = 10502) = 333,52, p < 0,001$).



Mynd 4. „Þegar ég verð vitni að neikvæðri stríðni og einelti þá bregst ég alltaf við og reyni að hjálpa.“


Viðhorf til eineltis

Mynd 5 sýnir að þó að flestir nemendur hafi verið frekar eða mjög ósammála því að einelti sé þolendum að kenna voru þeir sem lögðu í einelti mun líklegri en aðrir til að telja sök liggja hjá þolendum ($X^2(12, N = 10427) = 282,26, p < 0,001$).




Mynd 5. „Eineltið er þolendum sjálfum að kenna.“

Spurt var um meintar vinsældir gerenda eineltis og eru niðurstöðurnar sýndar á mynd 6. Nokkur breytileiki var milli svara eftir reynslu þátttakanda af einelti ($X^2(12, N = 10442) = 321,17, p < 0,001$). Þeir nemendur sem enga reynslu höfðu af einelti á þessu tímabili voru ólíklegastir til að telja gerendur vinsæla. Hinir þrír hóparnir voru hins vegar líklegri til að telja svo vera og sást enginn teljanlegur munur milli þeirra nema hvað gerendurnir sjálfir voru ólíklegri en hinir tveir hóparnir til að vera mjög sammála fullyrðingunni.




Mynd 6. „Þeir nemendur sem leggja í einelti eru vinsælir.“

Á mynd 7 sést hversu líklegt svarendurnir töldu að ef nemendur sem yrðu vitni að einelti skiptu sér af því myndi það hætta. Kí-kvaðrat sýndi marktækan mun á svörum þátttakenda eftir því hver reynsla þeirra af einelti var ($X^2(12, N = 10449) = 299,27, p < 0,001$) og ljóst var að þeir nemendur sem höfðu verið lagðir í einelti voru mun svartsýnni á áhrifamátt sammemenda sinna en hinir. Þannig sögðust 25% þeirra sem höfðu verið lagðir í einelti vera mjög eða frekar ósammála þessu. Í sama streng tóku 30% þeirra sem bæði höfðu lagt og verið lagðir í einelti. Athygli vekur að í öllum fjórum hópunum voru frekar fáir sem voru mjög sammála fullyrðingunni (13–19%).



Mynd 7. „Ef nemendur sem verða vitni að einelti skipta sér af þá hættir eineltið.“

Mynd 8 sýnir hversu stórt hlutfall nemenda vildi ekki hafa einelti í bekknum sínum. Athygli vekur að hvergi voru allir mjög eða frekar sammála þessari fullyrðingu. Þeir sem lagt höfðu aðra í einelti voru jafnframt síður líklegir til að vera sammála henni en aðrir ($X^2(12, N = 10543) = 353,24, p < 0,001$).




■ **Mjög sammála** ■ **Frekar sammála** ■ **Hvorki sammála né ósammála** ■ **Frekar ósammála** ■ **Mjög ósammála**

Mynd 8. „Ég vil ekki hafa neitt einelti í bekknum mínum.“

Ótti við einelti

Nemendur voru einnig spurðir hvort þeir þyrðu stundum ekki í skólann af ótta við neikvæða stríðni eða einelti. Eins og sést á mynd 9 var talsverður munur á afstöðu þeirra eftir því hver reynslan af einelti var undanfarna mánuði. Þeir sem höfðu enga slíka reynslu eða höfðu lagt aðra nemendur í einelti voru miklu líklegri til að vera frekar eða mjög ósammála þessari fullyrðingu (82–87%) en þeir sem höfðu reynt það á eigin skinni (55–56%). Þannig voru þeir sem höfðu verið lagðir í einelti mun líklegri en aðrir til að þora ekki í skólann. Kí-kvaðrat sýndi að þessi munur milli hópanna var marktækur ($X^2(12, N = 10516) = 1217,56, p < 0,001$).



■ **Mjög sammála** ■ **Frekar sammála** ■ **Hvorki sammála né ósammála** ■ **Frekar ósammála** ■ **Mjög ósammála**

Mynd 9. „Ég þora stundum ekki í skólann af ótta við neikvæða stríðni og einelti.“

Umræða

Einelti er alvarlegt, flókið og hefur, eins og fram hefur komið, neikvæð áhrif á einstaklinga og skólabrag. Verið er að vinna gott starf víða og eru flestir ef ekki allir grunnskólar á Íslandi með eineltisáætlanir. Þrátt fyrir það sögðu 6,3% nemenda í 6., 8. og 10. bekk árið 2018 að þeir hefðu verið lagðir í einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2018). Ljóst má því telja að eineltisáætlanir einar og sér duga ekki til. Því þarf að afla nýrrar þekkingar sem nýta má við að bæta forvarnir og gera inngrip árangursríkari. Vonir standa til að þessi rannsókn verði einn þátturinn í þeirri vinnu. Tilgangur rannsóknarinnar var að skoða viðhorf nemenda í 6., 8. og 10. bekk í grunnskóla til níu fullyrðinga um einelti. Niðurstöðurnar voru síðan skoðaðar út frá reynslu svarenda af einelti með það að markmiði að kanna hvort hún hefði áhrif á viðhorf þeirra. Helstu niðurstöður eru þær að gerendur og þolendur/gerendur greina sig frá hinum tveimur hópnum í mikilvægum þáttum þegar kemur að viðhorfum og viðbrögðum við einelti. Í þessum kafla verður fjallað nánar um þessar niðurstöður.

Viðbrögð við einelti

Í fyrsta lagi var spurt um fjórar fullyrðingar sem tengjast viðbrögðum við einelti. Fullyrðingarnar skipta verulegu máli, ekki síst inngrip kennara en það er grundvallaratriði þegar kemur að því að lækka tíðni eineltis (Craig og Pepler, 1997; Davis og Nixon, 2011; Fekkes o.fl., 2005; Yoon og Kerber, 2003).

Jákvætt verður því að teljast að samtals voru um 70% þátttakenda mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að umsjónarkennarar þeirra brygðust allaf við þegar upp kæmi einelti í bekknum. Greinilegur munur var á svörum þátttakenda eftir því hvaða hópi, af hópnum fjórum, þeir tilheyrðu. Þannig voru 16% þolenda og 20% þolenda/gerenda frekar eða mjög ósammála þessari fullyrðingu en 8% hvorugt-hópsins og 9% gerenda. Þessu þarf að breyta ef vel á að vera. Líklegt má telja að fræðsla og þjálfun í kennaranámi myndi breyta miklu hér um, því þannig má auka líkur á árangursríku inngripi, eins og fram kom í rannsókn Sairanen og Pfeffer (2011). Tekið skal fram að ekki var spurt um árangur inngrips, en nauðsynlegt er að gera slíka rannsókn hér á landi því erlendar rannsóknir sýna ýmis vandkvæði kennara við að taka á einelti, þar á meðal að þeir nái aðeins árangri í um helmingi tilfella (Bradshaw og Sawyer, 2007; Davis og Nixon, 2011; Fekkes o.fl., 2005).

Eins og fram hefur komið er eineltisáætlun helsta tæki grunnskóla í vinnunni gegn einelti. Athygli vekur hversu margir þátttakendur sögðust ekki þekkja eineltisáætlun skóla síns eða vita hvernig hún virkaði. Aðeins tæplega helmingur þátttakenda var frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu. Ekki var mikill munur eftir hópnum fjórum en þó voru þolendur ólíklegastir til að vera þessu sammála, eða 35%. Svo almennt þekkingarleysi er mikið áhyggjuefni og ættu grunnskólar landsins að bregðast við hið snarasta. Í aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011) kemur fram að kynna á forvarnaráætlun fyrir nemendum. Velta má fyrir sér hvort það sé yfirleitt ekki gert eða hvort það sé þá gert á stórum samkomum þegar athygli margra í nemendahópnum er takmörkuð. Miðað við rannsókn Cunningham o.fl. (2016) væri skynsamlegt að hafa nemendur með í ráðum þegar kemur að ákvörðunum um hvernig best sé að standa að þeirri vinnu.

Foreldrar eru afar mikilvægir í allri vinnu gegn einelti. Því er ánægjulegt að þátttakendur voru almennt á því að hafa ætti samband við foreldra allra í bekknum kæmi upp einelti. Þeir sem helst voru ósammála voru gerendur og þolendur/gerendur, sem kemur ekki á óvart. Út frá niðurstöðum fræðimanna um að inngrip eigi að beinast að öllum hópnum en ekki einstaka börnum (Polanin, Espelage og Pigott, 2012; Salmivalli, 2010) hlýtur að þurfa að upplýsa foreldra allra barna um stöðu mála. Þetta er hægt að gera á fundi, með tölvupósti og símtali. Í gegnum tíðina hefur verið misbrestur á þessu sem vonandi verður bætt úr, ekki síst í ljósi þess að niðurstöður rannsóknarinnar sýna að það er vilji meirihluta nemenda.

Þátttakendur sögðust flestir ekki láta einelti viðgangast heldur brygðust alltaf við og reyndu að hjálpa. Þó var greinilegur munur á gerendum og þolendum/gerendum sem sögðust gera slíkt í mun minni mæli en hinir tveir hóparnir. Jákvætt er hversu margir nemendur sögðust alltaf bregðast við en þær niðurstöður eru á skjön við erlendar rannsóknir sem sýna að áhorfendur segjast hika við að skipta sér af vegna ótta við að verða sjálfir lagðir í einelti eða missa félagslega stöðu (Padgett og Notar, 2013; Salmivalli o.fl., 2011). Gera þyrfti frekari rannsóknir á vettvangi til að skoða þetta nánar.

Í heild er athyglisvert hvað þeir sem lögðu í einelti sem gerendur og þolendur/gerendur skáru sig úr í mörgum þáttum. Sýnir það svo ekki er um villst hversu mikilvægt það er að finna þessi börn og reyna að leysa vanda þeirra.

Viðhorf til eineltis

Nemendur voru einnig beðnir að taka afstöðu til fjögurra fullyrðinga um viðhorf til eineltis. Viðhorf geta haft áhrif á menningu og hegðunarreglur í hópum og þá um leið á hegðun, svo sem inngríp í eineltismál (Paluck o.fl., 2016). Til að mynda geta viðhorf sem eru á þá leið að einelti sé þolendum sjálfum að kenna valdið því að einelti sé réttlætt og dregið úr hvatanum til að rétta þolanda hjálparhönd. Sýnir þetta mikilvægi þess að kanna viðhorf grunnskólanemenda til ýmissa þátta eineltis.

Þegar kom að fullyrðingunni um að einelti væri þolendum sjálfum að kenna er athyglisvert að aðeins rúmlega helmingur gerenda og þolenda/gerenda, eða 59%, tóku afstöðu gegn þessari fullyrðingu og 18 og 21% þeirra voru henni frekar eða mjög sammála. Þá voru 8% hvorugt-hópsins og 11% þolenda einnig sammála því að einelti væri þolendum að kenna. Þetta eru alvarlegar niðurstöður, sem benda til þess að fræðsla um einelti sé ekki nægjanleg og skili sér ekki nógu vel. Þarna mætti taka mið af niðurstöðum Cunningham o.fl. (2016) sem sýndu að hluti hópsins hlustar ekki þegar kynning og fræðsla fer fram, svo og að sumir gera beinlínis uppreisn á móti þeim gildum sem hinir fullorðnu eru að leitast við að innleiða. Að sama skapi hafa rannsóknir sýnt að það skilar bestum árangri að leggja áherslu á samkennd (e. empathy) og koma um leið skýrum skilaboðum til gerenda um að hegðun þeirra verði ekki liðin (Cunningham o.fl., 2016; Garandeau o.fl., 2016). Nauðsynlegt er að breyta þeim viðhorfum að einelti sé þolendum að kenna því þau réttlæta verknadinn og gera inngríp erfiðara. Þá geta viðbrögð af því tagi ýtt undir skömm og valdið vanlíðan og komið í veg fyrir að þolendur láti vita af einelti.

Tæpur helmingur gerenda, þolenda/gerenda og þolenda var frekar eða mjög sammála því að þeir sem leggja í einelti séu vinsælir og í sama streng tók um þriðjungur hópsins sem hafði engin bein tengsl við einelti. Þessar niðurstöður gætu opnað leið til að nálgast gerendur og breyta hegðun þeirra með því að leggja sérstaka áherslu á það hvernig farsælast sé að afla sér vinsælda og viðhalda þeim – m.ö.o. að verða jákvæður frekar en neikvæður leiðtogi í félagahópnum.

Svipaða sögu var að segja af viðhorfum þátttakenda til þess hvort einelti stöðvaðist ef áhorfendur yrðu vitni að því og skiptu sér af. Þeir sem tengdust einelti beint höfðu minni trú á þessu. Athygli vakti að einungis 13 til 19% allra þátttakenda voru mjög sammála þessari fullyrðingu. Líklegt má telja að þessi viðhorf valdi því að nemendur grípi síður inn í. Mikilvægt er að finna leiðir til að auka tiltrú nemenda á möguleikum þeirra til að stöðva eineltistilvik því rannsóknir þar sem fylgst er með á vettvangi sýna að skipti nemendur sér af stöðvast einelti í um helmingi tilfella (Craig, Pepler og Atlas, 2000; O'Connell o.fl., 1999).

Meirihluti þátttakenda vildi ekkert einelti í sínum bekk en gerendur og þolendur/gerendur í minni mæli en hinir. Afar athyglisvert er að alls ekki allir nemendur tóku skýra afstöðu gegn einelti í svörum sínum. Þannig voru 2% hópsins sem hafði ekki upplifað einelti og 3% þolenda mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni. Hugsanlega skýrist þetta af andspyrnu nokkurra nemenda gegn allri eineltisvinnu, eins og kom fram í rannsókn Cunningham o.fl. (2016).

Í heild benda niðurstöður til þess að viðhorf meirihluta grunnskólanema til eineltis séu eins og best verður á kosið en nokkur hluti hópsins sé með viðhorf sem unnið geti gegn árangursríkri vinnu gegn einelti. Eru gerendur og þolendur/gerendur í ákveðinni sérstöðu hvað þetta varðar.

Ótti við einelti

Síðasta fullyrðingin sneri að ótta við að fara í skólann. Um fjórðungur þolenda og þolenda/gerenda sagðist frekar eða mjög sammála þegar þeir voru spurðir hvort þeir þyrðu stundum ekki í skólann af ótta við einelti. Þetta er í senn bæði skiljanleg og afar neikvæð niðurstaða. Einnig verður að teljast athyglisvert að 6% þeirra barna sem tengjast ekki einelti með beinum hætti voru frekar eða mjög sammála sömu fullyrðingu. Í heild voru um 1.000 börn af þeim 10.566 sem tóku þátt frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að þau þyrðu stundum ekki í skólann af ótta við einelti. Mikilvægt er að skólasamfélagið taki þessar niðurstöður alvarlega og grípi til aðgerða. Ótti við að fara í skólann getur framkallað sálíkamleg einkenni eins og höfuðverk og magaverk að morgni skóladags, ásamt því að geta haft neikvæð áhrif á skólasókn og námsárangur (Akiba, 2008). Er þessi ótti í samræmi við erlendar rannsóknir (Addington og Yablon, 2011). Til að mynda sýndi rannsókn meðal nemenda í 8. bekk í 33 löndum að 28,5% þátttakenda óttuðust að verða fyrir ofbeldi í skólanum (Akiba, 2008). Þá sýndu rannsóknir frá Bandaríkjunum að 7% nemenda í 8. bekk voru heima í það minnsta einn dag í mánuði af ótta við einelti (Glew, Rivara og Feudtner, 2000). Önnur rannsókn benti til þess að fimmtungur nemenda á miðstigi forðaðist salernin í skólanum af ótta við einelti (Foltz-Gray, 1996) og sú þriðja að sama hlutfall upplifði hræðslu stóran hluta skóladagsins (Hazier, Hoover og Oliver, 1992).

Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna með beinum hætti að vinna þarf með viðhorf nemenda, þá sérstaklega gerenda og þolenda/gerenda, til eineltis og inngrípa í eineltismál. Þá þarf að fara í vandlega skoðun á því hvernig fræðsla um einelti og eineltisáætlanir fer fram í grunnskólum. Auk þess þarf að taka á ótta barna við að fara í skólann. Niðurstöðurnar benda einnig í átt að nokkrum úrlausnatriðum sem minnkað gætu einelti í íslenskum grunnskólum. Þjálfun og fræðsla í kennaranámi er eitt þeirra atriða sem þarf að skoða. Þá er mikilvægt að líta á einelti sem félagslegt vandamál alls hópsins og því þarf að vinna með menningu, viðhorf og hegðunarreglur barnahópsins (Brenick og Halgunseth, 2017; Salmivalli, 2010; Salmivalli o.fl., 2011). Einnig þarf að ná betur til foreldra alls barnahópsins. Loks er mikilvægt að hafa börnin sjálf með í ráðum þegar kemur að vinnu gegn einelti. Börn verða vitni að eineltisatvikum sem fullorðnir sjá ekki (Craig o.fl., 2000), þau þekkja menninguna og hegðunarreglur og átta sig á þeim félagslega veruleika sem þau lifa og hrærast í. Því eru þau í góðri aðstöðu til að koma með gagnlegar tillögur um hvernig bæta megi inngríp í eineltismál (Crothers, Kolbert og Barker, 2006; Cunningham, Cunningham, Ratcliffe og Vaillancourt, 2010).

Einelti í grunnskólum er ógn við velferð nemenda. Það er einnig brot á mannréttindasáttmálum og andstætt gildum skóla og siðareglum fagfólks. Hins vegar er einelti bæði flókið og erfitt viðureignar, sérstaklega ef það er langt gengið. Því eru forvarnir og fræðsla mikilvæg til að breyta viðhorfum eins og ýmsum þeim sem fram koma í niðurstöðum þessarar rannsóknar. Þær gefa góðar vísbendingar um þætti sem vinna þarf með og er óskandi að skólasamfélagið geri það, til heilla fyrir öll börn.

Attitudes of Icelandic school-children towards bullying and interventions

Bullying is a serious and prevalent problem in schools in Iceland as in the rest of the world. Despite various actions taken by authorities to counter bullying, the results have not been as hoped for. In the latest wave of the Health behaviour in school-aged

children in Iceland in 2018, 6.3% of students in 6th, 8th and 10th grade reported that they had been bullied 2–3 times a month or more often.

In the current study we looked at the experience and attitudes of Icelandic school-children regarding several relevant factors, such as teacher intervention, student responsibilities, audience response, anti-bullying programs at school and fear of bullying. The aim of the study was to examine attitudes of elementary school students toward bullying and its interventions.

Responses were collected from 10,651 students in 6th, 8th, and 10th grade in Iceland during the 2013–14 school year which equals 84% of the whole population for these age-groups.

The questions on bullying were preceded by the following definition: “Here are some questions about bullying. We say a person is being bullied when another person or a group of people, repeatedly say or do unwanted nasty and unpleasant things to him or her. It is also bullying when a person is teased in a way he or she does not like or when he or she is left out of things on purpose. The person that bullies has more power than the person being bullied and wants to cause harm to him or her. It is not bullying when two people of about the same strength or power argue or fight”. The came two questions – one on bullying: “How often have you taken part in bullying another person(s) in school in the past couple of months?”; the other on victimization: “How often have you been bullied in school in the past couple of months?” There were five possible answers to both questions: 1) Never, 2) It has happened once or twice, 3) 2 or 3 times a month, 4) About once a week, and 5) Several times a week. For the purpose of this study only 2 or 3 times a month or more was considered as bullying.

On the basis of responses students were divided into four groups; bullies, victims, bully-victims and those not affected by bullying. Nine questions were analyzed based on this classification.

We found that students’ experience of bullying strongly affected their attitudes toward it. Bullies and bully-victims were, for example, more negative towards several factors. Most students were convinced that their teacher would react if there was bullying in the class, but those who had experienced bullying were less optimistic than their peers. We also found that only half of the students were aware of the anti-bullying program in their school. Most thought that the teacher should contact the parents in case of bullying, although the perpetrators were somewhat less enthusiastic about that. Most students felt they would intervene if they witnessed bullying, but bullies were significantly less likely to think so. Interestingly, around 10% believed that bullying was the victim’s fault. A substantial proportion of the participants believed that bullies were popular amongst their peers, and those that were either victims or bullies were more favorable towards this question than those who had no direct experience. Less than half of students believed that bullying would cease if other students intervened, with those having no experience of it themselves being most optimistic. A significant proportion of students expressed fear of attending school due to bullying. Around 95% of students who were victims or had no experience of bullying claimed that they wished that there was no bullying in their class. For those who had bullied the figure was around 85%.

These results indicate that more needs to be done in terms of students’ attitudes, anti-bullying programs and interventions.

Key words: Bullying, victims, bullies, bystanders, children.

Um höfundana

Vanda Sigurgeirsdóttir (vand@hi.is) er lektor í tólmstunda- og félagsmálafræði við menntavísindasvið Háskóla Íslands. Vanda hefur um árabil rannsakað einelti á Íslandi, ásamt því að vinna mikið á vettvangi, með kennurum og öðru fagfólki sem vinnur með börnum.

Ársæll Arnarsson (arsaell@hi.is) er prófessor í tólmstunda- og félagsmálafræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk BA-prófi í sálfræði 1993, MS-gráðu í heilbrigðisvísindum 1997 og PhD-gráðu í líf- og læknávisindum frá H.Í. árið 2009. Síðastliðinn áratug hafa rannsóknir hans aðallega beinst að heilsufari og líðan unglinga.

About the authors

Vanda Sigurgeirsdóttir (vand@hi.is) is an assistant professor in the Department of Leisure and Social studies at the School of Education, University of Iceland. Vanda has been studying bullying in Iceland for many years. She also does field work with teachers and other professionals who work with children.

Ársæll Arnarsson (arsaell@hi.is) is a professor of leisure studies in the University of Iceland School of Education. He completed a BA degree in psychology in 1993, an MSc degree in Health Sciences in 1997 and a PhD in Biomedical Sciences in 2009 from the University of Iceland. For the past decade his research has focused on the health and well-being of adolescents.

Heimildir

- Addington, L. A. og Yablon, Y. B. (2011). How safe do students feel at school and while traveling to school? A comparative look at Israel and the United States. *American Journal of Education*, 117(4), 465–493. doi:10.1086/660755
- Akiba, M. (2008). Predictors of student fear of school violence: A comparative study of eighth graders in 33 countries. *School Effectiveness and School Improvement*, 19(1), 51–72. doi:10.1080/09243450801936878
- Andreou, E. (2001). Bully/victim problems and their association with coping behavior in conflictual peer interactions among school-age children. *Educational Psychology*, 21(1), 59–66. doi:10.1080/01443410125042
- Atlas, R. S. og Pepler, D. J. (2001). Observations of bullying in the classroom. *Journal of Educational Research*, 92(2), 86–99. doi:10.1080/00220679809597580
- Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2009). Einelti og samskipti við fjölskyldu og vini meðal 6., 8. og 10. bekinga. *Tímarit um menntarannsóknir*, 6, 15–26.
- Ársæll M. Arnarsson og Þóroddur Bjarnason. (2012). Einelti meðal íslenskra skólabarna 2006–2010. Í Sveinn Eggertsson og Ása G. Ásgeirsdóttir (ritstjórar), *Þjóðarspejill – Rannsóknir í félags- og mannvísindum XIII* (bls. 1–9). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Ballard, M., Argus, T. og Remley, T. P. (1999). Bullying and school violence: A proposed prevention program. *NASSP Bulletin*, 83(607), 38–47.
- Boulton, M. J. og Boulton, R. (2012). Resistant to the message: Are pupils unreceptive to teachers' anti-bullying initiatives and if so why? *Educational Studies*, 38(5), 485–489. doi:10.1080/03055698.2011.643112
- Bradshaw, C. P. og Sawyer, A. L. (2007). Bullying and peer victimization at school: Perceptual differences between students and school staff. *School Psychology Review*, 36(3), 361–383.
- Bradshaw, C. P., Waasdorp, T. E., O'Brennan, L. M. og Gulemetova, M. (2011). *Findings from the National Education Association's nationwide study of bullying: Teachers' and education support professionals' perspectives*. Washington, DC: National Education Association.
- Brenick, A. og Halgunseth, L. C. (2017). Brief note: Applying developmental intergroup perspectives to the social ecologies of bullying: Lessons from developmental social psychology. *Journal of Adolescence*, 59, 90–95. doi:10.1016/j.adolescence.2017.05.018
- Browne, N. T. (2012). Weight bias, stigmatization, and bullying of obese youth. *Bariatric Nursing and Surgical Patient Care*, 7(3), 107–115. doi:10.1089/bar.2012.9972
- Bullock, J. R. (2002). Bullying among children. *Childhood Education*, 78(3), 130–133. doi:10.1080/00094056.2002.10522721
- Burger, C., Strohmeier, D., Spröber, N., Bauman, S. og Rigby, K. (2015). How teachers respond to school bullying: An examination of self-reported intervention strategy use, moderator effects, and concurrent use of multiple strategies. *Teaching and Teacher Education*, 51, 191–202. doi:10.1016/j.tate.2015.07.004

- Campbell, S. B., Spieker, S., Burchinal, M. og Poe, M. D. (2006). Trajectories of aggression from toddlerhood to age 9 predict academic and social functioning through age 12. *Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 47(8), 791–800. doi:10.1111/j.1469-7610.2006.01636.x
- Carney, A. G. og Merrell, K. W. (2001). Perspectives on understanding and preventing an international problem. *School Psychology International*, 22(3), 364–382. doi: 10.1177/0143034301223011
- Carrera, M.V., DePalma, R. og Lameiras, M. (2011). Toward a more comprehensive understanding of bullying in school settings. *Educational Psychology Review*, 23(4), 479–499. doi:10.1007/s10648-011-9171-x
- Cornell, D. og Bradshaw, C. P. (2015). From a culture of bullying to a climate of support: The evolution of bullying prevention and research. *School Psychology Review*, 44(4), 499–503. doi:10.17105/spr-15-0127.1
- Cowie, H. (2000). Bystanding or standing by: Gender issues in coping with bullying in English schools. *Aggressive Behavior*, 26(1), 85–97. doi:10.1002/(SICI)1098-2337(2000)26:1<85::AID-AB7>3.0.CO;2-5
- Craig, W. M. og Pepler, D. J. (1992). *Contextual factors in bullying and victimization* [grein kynnt á ráðstefnu kanadíska sálfræðingafélagsins í Toronto í Kanada].
- Craig, W. M. og Pepler, D. J. (1997). *Naturalistic observations of bullying and victimization on the playground* [óbirt skýrsla]. Toronto, ON: LaMarsh Research Centre on Violence and Conflict Resolution, York University.
- Craig, W. M., Pepler, D. og Atlas, R. (2000). Observations of bullying in the playground and in the classroom. *School Psychology International*, 21(1), 22–36. doi:10.1177/0143034300211002
- Cranham, J. og Carroll, A. (2003). Dynamics within the bully/victim paradigm: A qualitative analysis. *Educational Psychology in Practice*, 19(2), 113–132. doi:10.1080/02667360303235
- Crothers, L. M. og Kolbert, J. B. (2004). Comparing middle school teachers' and students' views on bullying and anti-bullying interventions. *Journal of School Violence*, 3(1), 17–32. doi:10.1300/J202v03n01_03
- Crothers, L. M., Kolbert, J. B. og Barker, W. F. (2006). Middle school students' preferences for anti-bullying interventions. *School Psychology International*, 27(4), 475–487. doi:10.1177/0143034306070435
- Cunningham, C. E., Cunningham, L. J., Ratcliffe, J. og Vaillancourt, T. (2010). A qualitative analysis of the bullying prevention and intervention recommendations of students in grades 5 to 8. *Journal of School Violence*, 9(4), 321–338. doi:10.1080/15388220.2010.507146
- Cunningham, C. E., Mapp, C., Rimas, H., Cunningham, L., Vaillancourt, T., Mielko, S. og Marcus, M. (2016). What limits the effectiveness of antibullying programs? A thematic analysis of the perspective of students. *Psychology of Violence*, 6(4), 596–606. doi:10.1080/15388220.2015.1095100
- Davis, S. og Nixon, C. (2011). What students say about bullying. *Educational Leadership*, 69(1), 18–23.
- Doll, B., Song, S. og Siemers, E. (2004). Classroom ecologies that support or discourage bullying. Í D.L. Espelage og S.M. Swearer (ritstjórar), *Bullying in American schools: A social-ecological perspective on prevention and intervention* (bls. 161–183). Mahwah, NY: Erlbaum.
- Due, P., Holstein, B. E., Lynch, J., Diderrichsen, F., Gabhain, S. N., Scheidt, P. og Currie, C. (2005). Bullying and symptoms among school-aged children: International comparative cross sectional study in 28 countries. *European Journal of Public Health*, 15(2), 128–132. doi:10.1093/eurpub/cki105
- Dupper, D. R. (2003). *School social work, skills & interventions for effective practice*. Hoboken, NJ: John Wiley and Sons.
- Fekkes, M., Pijpers, F. I. M. og Verloove-Vanhorick, S. P. (2005). Bullying: Who does what, when and where? Involvement of children, teachers and parents in bullying behavior. *Health Education Research: Theory and Practice*, 20(1), 81–91. doi:10.1093/her/cyg100
- Foltz-Gray, D. (1996). The bully trap: Young tormentors and their victims find ways out of anger and isolation. *Teaching Tolerance*, 5(2), 18–23.
- Garandau, C. F. og Cillessen, A. (2006). From indirect aggression to invisible aggression: A conceptual view on bullying and peer group manipulation. *Aggression and Violent Behavior*, 11(6), 641–654. doi:10.1016/j.avb.2005.08.004
- Garandau, C. F., Vartio, A., Poskiparta, E. og Salmivalli, C. (2016). School bullies' intention to change behavior following teacher interventions: Effects of empathy arousal, condemning of bullying, and blaming of the perpetrator. *Prevention Science*, 17(8), 1034–1043. doi:10.1007/s11121-016-0712-x
- Gini, G. og Pozzoli, T. (2009). Association between bullying and psychosomatic problems: A meta-analysis. *Pediatrics*, 123(3), 1059–1065. doi:10.1542/peds.2008-1215
- Glew, G., Rivara, F. og Feudtner, C. (2000). Bullying: Children hurting children. *Pediatrics in Review*, 21(6), 183–189. PMID: 10854313.
- Greene, M. B. (2000). Bullying and harassment in schools. Í R. S. Moser og C. E. Franz (ritstjórar), *Shocking violence: Youth perpetrators and victims – a multidisciplinary perspective* (bls. 72–101). Springfield, IL: Charles C. Thomas.
- Griffin, R. S. og Gross, A. M. (2004). Childhood bullying: Current empirical findings and future directions for research. *Aggression and Violent Behavior*, 9(4), 379–400. doi:10.1016/S1359-1789(03)00033-8

- Guðjón Ólafsson. (1996). *Einelti*. Reykjavík: Uppi hf., Ritröð uppeldis og menntunar.
- Hawkins, D. L., Pepler, D. og Craig, W. M. (2001). Naturalistic observations of peer interventions in bullying. *Social Development, 10*(4), 512–527. doi:10.1111/1467-9507.00178
- Hazier, R., Hoover, J. og Oliver, R. (1992). *What children say about bullying*. *Executive Educator, 14*, 20–22.
- Hugh-Jones, S. og Smith, P. K. (1999). Self-reports of short- and long-term effects of bullying on children who stammer. *British Journal of Educational Psychology, 69*(2), 141–158. PMID: 10405616.
- Inchley, J., Currie, D., Young, T., Samdal, O., Torsheim, T., Augustson, L. . . . og Barnekow, V. (2016). *Growing up unequal: gender and socioeconomic differences in young people's health and well-being*. *Health Behaviour in School-aged Children (HBSC) study: International report from the 2013/2014 survey*. Kaupmannahöfn: WHO Regional Office for Europe.
- James, A. (2010). *School bullying. Research briefing*. Sótt af http://www.nspcc.org.uk/inform/research/briefings/school_bullying_pdf_wdf73502.pdf
- Juvonen, J. og Ho, A. Y. (2008). Social motives underlying antisocial behavior across middle school grades. *Journal of Youth and Adolescence, 37*(6), 747–756. doi:10.1007/s10964-008-9272-0
- Kim, Y. S., Leventhal, B. L., Koh, Y.-J. og Boyce, W. T. (2009). Bullying increased suicide risk: Prospective study of Korean adolescents. *Archives of Suicide Research, 13*(1), 15–30. doi:10.1080/13811110802572098
- Klomek, A. B., Marrocco, F., Kleinman, M., Schonfeld, I. S. og Gould, M. S. (2007). Bullying, depression, and suicidality in adolescents. *Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry, 46*(1), 40–49. doi:10.1521/suli.2008.38.2.166
- Knox, E. og Conti-Ramsden, G. (2003). Bullying risks of 11-year old children with specific language impairment (SLI): Does school placement matter? *International Journal of Language and Communication Disorders, 38*(1), 1–12. PMID: 12569033.
- Kochenderfer-Ladd, B. og Skinner, K. (2002). Children's coping strategies: Moderators of the effects of peer victimization? *Developmental Psychology, 38*(2), 267–278. PMID: 11881761.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.
- Mishna, F. (2003). Learning disabilities and bullying: Double jeopardy. *Journal of Learning Disabilities, 36*(4), 336–347. doi:10.1177/00222194030360040501
- Mitsopoulou, E. og Giovazolias, T. (2015). Personality traits, empathy and bullying behavior: A meta-analytic approach. *Aggression and Violent Behavior, 21*, 61–72. doi:10.1016/j.avb.2015.01.007
- Nansel, T. J., Overpeck, M., Pilla, R. S., Ruan, W. J., Simons-Morton, B. og Scheidt, P. (2001). Bullying behaviors among US youth: Prevalence and association with psychosocial adjustment. *Journal of the American Medical Association, 285*(16), 2992–3100. PMID: 11311098.
- Nishina, A. og Juvonen, J. (2005). Daily reports of witnessing and experiencing peer harassment in middle school. *Child Development, 76*(2), 435–450. doi:10.1111/j.1467-8624.2005.00855.x
- O'Connell, P., Pepler, D. og Craig, W. (1999). Peer involvement in bullying: Issues and challenges for intervention. *Journal of Adolescence, 22*(2), 437–452. doi:10.1006/jado.1999.0238
- Olweus, D. (2011). Bullying at school and later criminality: Findings from three Swedish community samples of males. *Criminal Behaviour and Mental Health, 21*(2), 151–156. doi:10.1002/cbm.806
- Padgett, S. og Notar, C. E. (2013). Bystanders are the key to stopping bullying. *Universal Journal of Educational Research, 1*(2), 33–41. doi:10.13189/ujer.2013.010201
- Paluck, E. L., Shepherd, H. og Aronow, P. M. (2016). Changing climates of conflict: A social network experiment in 56 schools. *Proceedings of the National Academy of Sciences, 113*(3), 566–571. doi:10.1073/pnas.1514483113
- Pellegrini, A. D. (2002). Bullying, victimization, and sexual harassment during the transition to middle school. *Educational Psychologist, 37*(3), 151–163. doi:10.1207/S15326985EP3703_2
- Pepler, D., Jiang, D., Craig, W. og Connolly, J. (2008). Developmental trajectories of bullying and associated factors. *Child Development, 79*(2), 325–338. doi:10.1111/j.1467-8624.2007.01128.x
- Pepler, D., Smith, P. K. og Rigby, K. (2004). Looking back and looking forward: Implications for making interventions work effectively. Í P. K. Smith, D. Pepler og K. Rigby (ritstjórar), *Bullying in schools. How successful can interventions be* (bls. 307–324). Cambridge: Cambridge University Press.
- Piotrowski, D. og Hoot, J. (2008). Bullying and violence in schools. What teachers should know and do. *Childhood Education, 84*(6), 357–363. doi:10.1080/00094056.2008
- Polanin, J. R., Espelage, D. L. og Pigott, T. D. (2012). A meta-analysis of school-based bullying prevention programs' effects on bystander intervention behavior. *School Psychology Review, 41*(1), 47–65.
- Ragnar F. Ólafsson. (2008). *Mat á árangri af Olweusaráætlun gegn einelti*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.
- Ragnar F. Ólafsson og Ólöf Helga Þór. (2000). *Úrræði skóla við lausn á eineltisvandamálum. Niðurstöður rannsókna, sem unnin var af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála fyrir Menntamálaráðuneytið í samvinnu við Kennarasamband Íslands*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.

- Ragnar F. Ólafsson, Ragnar P. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (1999). *Umfang og eðli eineltis í íslenskum grunnskólum. Niðurstöður rannsókna sem unnið var af Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála fyrir Menntamálaráðuneytið*. Reykjavík: Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála.
- Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.
- Reijntjes, A., Kamphuis, J. H., Prinzie, P. og Telch, M. J. (2010). Peer victimization and internalizing problems in children: A meta-analysis of longitudinal studies. *Child Abuse and Neglect*, 34(4), 244–252. doi:10.1016/j.chiabu.2009.07.009
- Rigby, K. og Bagshaw, D. (2003). Prospects of adolescent students collaborating with teachers in addressing issues of bullying and conflict in schools. *Educational Psychology*, 23(5), 535–546. doi:10.1080/0144341032000123787
- Rigby, K., Smith, P. K. og Pepler, D. (2004). Working to prevent school bullying: Key issues. Í P. K. Smith, D. Pepler og K. Rigby (ritstjórar), *Bullying in schools. How successful can interventions be* (bls. 1–12). Cambridge: Cambridge University Press.
- Sairanen, L. og Pfeffer, K. (2011). Self-reported handling of bullying among junior high school teachers in Finland. *School Psychology International*, 32(2). Sótt af <http://spi.sagepub.com/content/32/3/330>
- Salmivalli, C. (1998). *Not only bullies and victims: Participation in harassment in school classes – some social and personality factors* (óútgefin doktorsritgerð). Háskólinn í Turku, Finnlandi.
- Salmivalli, C. (1999). Participant role approach to school bullying: Implications for interventions. *Journal of Adolescence*, 22(4), 453–459. doi:10.1006/jado.1999.0239
- Salmivalli, C. (2010). Bullying and the peer group: A review. *Aggression and Violent Behavior*, 15(2), 112–120. doi:10.1016/j.avb.2009.08.007
- Salmivalli, C., Voeten, M. og Poskiparta, E. (2011). Bystanders matter: Associations between reinforcing, defending, and the frequency of bullying behavior in classrooms. *Journal of Clinical Child and Adolescent Psychology*, 40(5), 668–676. doi:10.1080/15374416.2011.597090
- Sharp, S. og Smith, P. K. (ritstjórar). (2000). *Gegn einelti. Handbók fyrir skóla* (Ingibjörg Markúsdóttir þýddi). Reykjavík: Æskan.
- Sjöfn Kristjánsdóttir. (2011). „Ég varð bara að læra það af reynslunni“: Mat kennara á fræðslu og hjálfun í eineltismálum í kennaranámi (óútgefin meistararitgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Sjöfn Kristjánsdóttir og Vanda Sigurgeirsdóttir. (2011). Einelti meðal barna frá sjónarhóli grunnskólakennara. Í Daníel Reynisson, Hjördís Árnadóttir, Sjöfn Kristjánsdóttir, Hrefna Friðriksdóttir, Halldór S. Guðmundsson og Vanda Sigurgeirsdóttir, *Ábyrgð og aðgerðir. Niðurstöður þverfræðilegrar rannsóknar á einelti meðal barna á Íslandi* (bls 85–114). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Ármanns Snævarr.
- Smith, P. K. (2004). Bullying: Recent developments. *Child and Adolescent Mental Health*, 9(3), 98–103. doi:10.1111/j.1475-3588.2004.00089.x
- Smith, P. K. og Shu, S. (2000). What good schools can do about bullying: Findings from a survey in English schools after a decade of research and action. *Childhood: A Global Journal of Child Research*, 7(2), 193–212. doi:10.1177/0907568200007002005
- Smokowski, P. R. og Kopasz, K. H. (2005). Bullying in school: An overview of types, effects, family characteristics, and intervention strategies. *Children and Schools*, 27(2), 101–110. doi:10.1093/cs/27.2.101
- Stassen-Berger, K. (2007). Update on bullying at school: Science forgotten? *Developmental Review*, 27(1), 90–126. doi:10.1016/j.dr.2006.08.002
- Ttofi, M. M. og Farrington, D. P. (2011). Effectiveness of school-based programs to reduce bullying: A systematic and meta-analytic review. *Journal of Experimental Criminology*, 7(1), 27–56. doi:10.1007/s11292-010-9109-1
- Ttofi, M. M., Farrington, D. P. og Lösel, F. (2012). School bullying as a predictor of violence later in life: A systematic review and meta-analysis of prospective longitudinal studies. *Aggression and Violent Behavior*, 17(5), 405–418. doi:10.1016/j.avb.2012.05.002
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2003). *Hvernig gengur kennurum að taka á einelti? Mat kennara á eigin færni og hugmyndir þeirra að úrbótum* (óútgefin meistararitgerð). Kennaraháskóli Íslands, Reykjavík.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2005). *Kennarar og einelti. Í Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 91–96). Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2016). *Þolendur og gerendur* [erindi á Menntakviku, ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands].
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2017). Einelti, leiðir og lausnir. Í Alfa Aradóttir, Eygló Rúnarsdóttir og Hulda Valdimarsdóttir (ritstjórar), *Fristundir og fagmennska. Rit um málefni frítímans* (bls. 63–84). Reykjavík: Félag fagfólks í frítímaþjónustu, Félag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi og Rannsóknarstofa í tómstundafraeðum.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2018). Tíðni eineltis meðal nemenda í 6., 8. og 10. bekk á Íslandi [erindi á Menntakviku, ráðstefnu menntavísindasviðs Háskóla Íslands].
- Vanda Sigurgeirsdóttir og Hrefna Sigurjónsdóttir. (2017). *Handbók um einelti og vináttufærni. Forvarnir og viðbrögð*. Reykjavík: Heimili og skóli.

- Vanda Sigurgeirsdóttir og Sif Einarsdóttir. (2004). Kennarar og einelti: Mat kennara á eigin þekkingu og færni við að taka á einelti meðal grunnskólanemenda. *Uppeldi og menntun*, 13(1), 79–96.
- Vanderbilt, D. og Augustyn, M. (2010). The effect of bullying. *Paediatrics and Child Health*, 20(7), 315–320. doi:10.1016/j.paed.2010.03.008
- Varjas, K., Henrich, C. C. og Meyers, J. (2009). Urban middle school students' perceptions of bullying, cyberbullying, and school safety. *Journal of School Violence*, 8(2), 159–176. doi:10.1080/15388220802074165
- Yeager, D. S., Fong, C. J., Lee, H. Y. og Espelage, D. (2015). Declines in efficacy of anti-bullying programs among older adolescents: Theory and a three-level meta-analysis. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 37, 36–51. doi:10.1016/j.appdev.2014.11.005
- Yoon, J. S. og Kerber, K. (2003). Bullying: Elementary teachers' attitudes and intervention strategies. *Research in Education*, 69(1), 27–35. doi:10.7227/RIE.69.3
- Yoon, J., Sulkowski, M. L. og Bauman, S. A. (2016). Teachers' responses to bullying incidents: Effects of teacher characteristics and contexts. *Journal of School Violence*, 15(1), 91–113. doi:10.1080/15388220.2014.963592



Vanda Sigurgeirsdóttir og Ársæll Már Arnarsson. (2018).
Viðhorf íslenskra grunnskólanema til eineltis og inngripa í eineltismál út frá reynslu þeirra af einelti.
Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/14>
DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2018.14>